

Helsut úrslit á landsmóti STÍ, sem haldið var í dag á svæði félagsins að Álfsnesi, urðu sem hér segir: Í liðakeppninni sigraði A-lið okkar með þá Gunnar Sigurðsson, Þorgeir M. Þorgeirsson og Einar Einarsson innanborðs. Í flokki unglunga sigraði Óskar R. Karlsson úr SR og í kvennaflokki Margrét Elfa Hjálmarsdóttir einnig úr SR. Þorgeir M.Þorgeirsson úr SR varð í 3.sæti í einstaklingskeppni karla. Í flokkakeppninni sigraði Þorgeir í 1.flokki, og í öldungaflokki sigraði vonarstjarnan okkar, Gunnar Sigurðsson en ljóst er að hann fær meiri keppni á næstu mótum í ÖI-flokknum. Sérlega ánægjulegt var að sjá okkar lið sigra í liðakeppninni en á árum áður voru lið okkar fastagestir í gullverðlaunasætum landsmótanna. Úslit mótsins eru komin á úrslitasíðu STÍ [hérn](#) a og eins er nóg af [myndum hérna](#) . Ef einhverja langar í góð eintök af myndunum þá er einfalt að hringja í framkvæmdastjórnann og óska eftir eintaki í tölvupósti.